



# Jarðhitafélag Íslands

---

## **Fundargerð 109. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands fimmtudaginn 4. apríl 2013 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.**

Mætt: Bjarni Pálsson, formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnús Ólafsson og Magnús Þór Jónsson.

Boðuð forföll: Jakob S. Friðriksson.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### **2. Aðalfundur JHFÍ 2013**

Samþykkt að halda fundinn 30. apríl kl. 14:00 í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur. Horfið hafði verið frá áður ákveðinni dagsetningu (9. apríl) m.a. vegna skörunar við fundaröð GEORGs. Ákveðið að í kjölfar hefðbundinna aðalfundarstarfa verði flutt tvö erindi, um brennisteinsvetni og um förgun affallsvatns frá jarðhitavirkjunum.

### **3. Nýir félagsmenn**

Nýr félagsmaður samþykktur í félagið, Hildigunnur Thorsteinsson, jarðhitaverkfræðingur og framkvæmdastjóri þróunarsviðs Orkuveitu Reykjavíkur.

### **4. Önnur mál**

Rætt um brennisteinsvetni, rammaáætlun o.fl.

Fundi slitið kl. 16:15. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---